

Nd.

911. Breytingartillögur

[29. mál]

við frv. til l. um endurmenntun vegna tæknivæðingar í atvinnulífinu.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur og Guðmundi J. Guðmundssyni.

1. Við 1. gr. Á eftir orðinu „endurmenntun“ komi: og starfsþjálfun.
2. Við 3. gr.
 - a) B-liður orðist svo: að meta á hverjum tíma þörf endurmenntunar vegna áhrifa nýrrar tækni á atvinnulífið og starfsskilyrði einstakra hópa.
 - b) Við C-lið bætist: áætlun þessa skal endurskoða árlega.
3. Við 4. gr. 3. mgr. orðist svo:

Heimilt er að endurmenntunarsjóður greiði að fullu námskeiðsgjald fyrir þá sem leita sér endurmenntunar eða starfsþjálfunar og hafa af ástæðum, sem endurmenntunarráð metur gildar, ekki verið á vinnumarkaði um lengri eða skemmri tíma. Nánari ákvæði um þetta skulu sett í reglugerð, svo og um skilyrði fyrir styrkveitingu og hlutdeild aðila vinnumarkaðarins í fjármögnun.
4. Á eftir 8. gr. komi ný gr., svohljóðandi:

Ákvæði þessara laga skerða ekki betri rétt sem veittur er samkvæmt öðrum lögum eða um hefur verið samið á annan hátt.